

Umgengnisreglur á safnsvæðinu í Glaumbæ

Á tímabilinu júní til ágúst viljum við takmarka heimsóknir hópíla/rúta á bílastæði safnsins við bókaða hópa. Óbókaðir hópar, sem ætla eingöngu að nota salerni safnsins og taka myndir, eru vinsamlega beðnir um að velja aðra staði. Það er afar óþægilegt fyrir bókaða hópa og aðra sannanlega safngesti að koma að fullu bílastæðinu og þurfa að lúta yfirgangslögmálum þeirra sem ætla fremur að láta safnið kosta þarfir sínar en að styðja það.

Í Glaumbæ vinnum við eftir nokkrum grundvallarreglum:

- 1) Að gestir taki tillit til gamla bæjarins sem er einn af gersemum þjóðarinnar, gangi um af varúð og snerti ekki safnmunina.
- 2) Að leiðsögumenn hópa komi í móttökuna í gamla bænum, skili af sér voucher og skrifi undir á kvittun áður en þeir FÁ BÆKLINGA í hendur (sem gilda sem aðgöngumiðar). Þeir láti síðan ALLA einstaklinga í sínum hóp fá þá. Gestir geta þá komið inn í bæinn eftir því sem þeir vilja og sýna svo starfsfólki þessa bæklinga í anddyrinu (Sumir leiðsögumenn láta hópa safnast saman fyrir utan og afhenda miðana þar, aðrir biðja hópa að bíða við rúttuna á meðan þeir ná í miða og enn aðrir bíða rólegir fyrir utan dyrnar og gefa fólkinu miða um leið og það tínist inn). Aðgöngumiðinn er jafnframt sýningarskrá og leiðbeinir fólki um hús bæjarins (Hægt er að velja um 12 tungumál). Óski leiðsögumaður eftir aðstoð við að útskýra hvernig best er að haga heimsókninni eða fyrir hvað bærinn stendur lætur hann starfsmenn vita af því um leið og hann kemur eða hringir á undan sér (sími safnsins er 4536173).
- 3) Við leyfum ekki bakpoka eða handtöskur inni í gamla bænum (best geymd í rúttunni)
- 4) Við leyfum ekki þrífætur, stórar myndavélar eða „selfie-sticks“ í gamla bænum (best geymt í rúttunni)
- 5) Myndatökur með flassi inni í sýningunni og með drónum (flygildum) á safnsvæðinu eru illa séðar.
- 6) Við biðjum leiðsögumenn að benda fólki á að reykingar eru bannaðar á safnsvæðinu, ítrekað hafa gestir reynt að drepa í sígarettum í veggjum bæjarins eða lóðarveggjum og „óvart“ kveikt í þeim.

Til að allt gangi greiðlega fyrir sig er æskilegt að hópar séu bókaði með meira en dags fyrirvara. Óbókaðir hópar geta lent í að bíða þar til bókaðir hópar hafa komist að (þetta gildir um alla óbókaða hópa með eða án vouchera). Á tímabilinu 17. júní – 20. ágúst getum við ómögulega leyft hópaleiðsögn inni í bænum. Hún verður að fara fram áður, eða eftir, að farið er inn í hann.

Við biðjum leiðsögumenn að sýna okkur þolinmæði og spyrja starfsfólk ef einhver vafi er á því hvernig hlutunum er háttað hjá okkur.

Kaffistofan Áskaffi er ekki rekin af safninu. Borið hefur á því að bílstjórar og leiðsögumenn telja sig eiga inni kaffi og meðþí á kaffistofunni þegar safnið er heimsótt, sem gengur ekki upp. Allir eru velkomnir í Áskaffi en séu hópar ekki bókaðir þar er hver og einn þar á eigin vegum. Netfangið þar er askaffi@askaffi.is